

Skipulagsstofnun
Hólmfríður Bjarnadóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 26. janúar 2017
UST201701-156/B.S.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun - Laxeldi í Arnarfirði. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 5. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.


Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi eftirfarandi upplýsingar að liggja fyrir: Stofnunin vill benda á að umrædd framkvæmd er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar.

- Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að tillaga að vöktunaráætlun eldisins liggja fyrir eins snemma í ferlinu og kostur er. Í frummatsskýrslu ættu að liggja fyrir upplýsingar um það hvernig fyrirtækið hyggst vakta umhverfisáhrif eldisins samanber h-lið 3. í 20 gr reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.
- Gera þarf ítarlega grein fyrir samlegðaráhrifum með annarri starfsemi í firðinum þar sem áætlað er að fara í umfangsmikið eldi. Gera þarf grein fyrir skörun og samlegðaráhrifum við núverandi starfsemi en einnig þarf að gera grein fyrir hvaða áhrif eldið hefur á aðra nýtingu og lífríki í firðinum, t.d rækjugengd og kalkþörungur.
- Ítarleg umfjöllun þarf að koma fram í frummatsskýrslu um lífrænt álag vegna eldisins og hverju það muni bæta við þá mengun sem nú þegar er losuð í viðtakann. Hér er m.a. hægt að byggja á niðurstöðum þeirrar vöktunar sem nú þegar er í gangi hjá þeim fyrirtækjum sem eru með rekstur á svæðinu.
- Koma þarf skýrt fram hver hámarks lífmassi verði á hverjum tíma í kvíunum og gera þyrfti sérstaklega grein fyrir mesta mögulega lífmassa á eldissvæðum.
- Þrátt fyrir að málefni er varða erfðablöndun heyri fremur undir rekstrarleyfi Matvælastofnunar bendir Umhverfisstofnun á að þau málefni eru umdeild sem sýnir sig í fjölmörgum athugasemdum við starfsleyfi og kærur. Umhverfisstofnun telur einnig nauðsynlegt að fjallað verði ítarlega um slyasleppingar og mögulega erfðablöndun við villtan lax og hversu víða slíkra áhrifa gæti gætt. Fram kemur að í frummatsskýrslu verði fjallað um viðbragðsáætlanir og mótvægisáðgerðir vegna mögulegra slyasleppinga. Umhverfisstofnun telur að eðlilegt sé að þessi umfjöllun byggist m.a. á þeirri reynslu og þekkingar sem aflað hefur verið til þessa.
- Að lokum bendir Umhverfisstofnun á að umræða hefur nú verið í nokkurn tíma um möguleika á notkun geldfisks og einnig á möguleikum á notkun lokaðra eldiskvía. Umhverfisstofnun telur að eldisfyrirtæki ættu að fjalla um þessa möguleika í mati á umhverfisáhrifum enda ljóst að með

nýrri tækni eins og t.d. lokuðum eldiskvíum þá horfi til lausna hvað varðar áskoranir sem fiskeldi stendur frammi fyrir þegar kemur að umhverfisáhrifum eldisins, eins og uppsöfnun lífræns úrgangs og erfðablöndunar svo eitthvað sé nefnt.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri